

Skipulags- og umhverfisnefnd Fjallabyggðar  
Gránugötu 24  
580 Siglufjörður

Ólafsfirði, 5. mars 2021

### Erindi: Mótmæli fyrirhugaðs banns lausagöngu katta í Fjallabyggð

Ágætu nefndarmeðlimir,

Í fundargerð nefndarinnar, dags. 3. mars síðastliðinn er tekið fyrir erindi Sigurðar Ægissonar um að lausaganga katta verði bönnuð í sveitarfélaginu frá 1. Maí – 15. Júlí ár hvert. Þar er erindið samþykkt og tæknideild falið að breyta samþykkt um kattahald í Fjallabyggð í samræmi við bókun og leggja fram til samþykktar á næsta fund nefndarinnar.

Ég sem kattareigandi í Fjallabyggð mótmæli þessum áformum nefndarinnar. Það er algjörlega ótækt að ætla að loka ketti inni í 75 daga á ári.

Í mínum huga væri verið að skikka kattareigendur til dýraniðs. Ímyndið ykkur ef hundum yrði óheimilt að fara út fyrir hússins dyr í 75 daga. Það er gjörsamlega óhugsandi.

Ég get aðeins talað fyrir mínu kattarhaldi, en 9 ára gamli kötturinn minn, Luis, ber ól með bjöllu á umræddu tímabili svo fuglar verði hans varir á varptíma. Þá fer hann ekki langt frá heimili okkar.

Nú voru 9 kettir skráðir í Ólafsfirði og 25 kettir skráðir á Siglufirði árið 2020. Fari allir eigendur eftir núverandi reglugerð og hengi bjöllur á ketti á varptímum og takmarki lausagang eftir fremsta megni þá fæ ég ekki séð hvernig fuglavarpi stafi þannig ógn af, að það réttlæti þá frelsisviptingu að banna alfarið lausagang í 75 daga á ári.

Kettir eru vanaföst dýr með tilfinningar, sem ekki er hægt að útskýra breytingar fyrir á mannamáli. Það væri því verið að skikka eigendur til að níðast á dýrinu með því að loka það inni fyrirvaralaust í 75 daga, og það á þeim árstíma sem dýr njóta útivistar meira en ella.

Virðingarfyllst,

  
Kristján Ragnar Asgeirsson  
Hlíðarvegi 25  
Ólafsfirði

